




# POSTMANNABLAÐIÐ



Vetrarmynd frá Akureyri.

Ljósmynd. Óskar Þór Halldórsson.

## Lífið utan póstsins

Nokkurt hlé hefur verið á útgáfu Póstmannablaðsins en með þessu jólablaði 2005 er ætlun ritstjórnar að efla útgáfuna. Verður okkur vonandi að ósk okkar en það er háð áhuga og vilja póstmanna á að senda okkur efni.

Í blaðinu kennir að venju margra grasa, póstmönnum til gleði og ánægju, nú þegar annir aukast á komandi aðventu. Í blaðinu er að finna áhugaverð viðtöl við tvo póstmenn sem eiga sér eða hafa átt annað líf utan núverandi starfs.

Ólafur Ingi Axelsson segir frá högum sínum en hann er bréfberi á Akureyri. Ólafur Ingi er 65 ára að aldri en hann á sér ekki langan starfsaldur í pósthjónustunni því hann starfaði áður um áratugaskeið hjá Landsbanka Íslands.

Hanna Kristín Hallgrímsdóttir bréfberi í Reykjavík á sér skemmtilegt líf utan vinnu hjá Íslandspósti. Hún er myndlistarkona og starfar í leikfélagi. Hún málaði leikmyndina og leikur einnig á sviði í Jólævintýri leikfélagsins Hugleiks sem nýlega var frumsýnt.

**Gleðileg jól!**

### MEÐAL EFNIS:

#### **Kjarasamningar í höfn**

Puríður Einarisdóttir, formaður Póstmannafélags Íslands skrifar leiðarann um nýgerða kjarasamninga.

Sjá bls. 2

#### **Fjögur hundruð tröppur á degi hverjum!**

Í viðtali við Ólaf Inga Axelsson, núverandi bréfbera og fyrrverandi bankastarfsmannt kemur margt fróðlegt fram.

Sjá bls. 3

#### **Aðventufundur eftirlaunadeildar 9. des.**

Sagt er frá starfi eftirlaunadeildar PFÍ og þar kemur m.a. fram að hinn árlegi aðventufundur verður haldinn 9. desember nk.

Sjá bls. 7

#### **Í þá gömlu góðu daga...**

Jón Ingi Caesarsson skrifar skemmtilega grein þar sem hann rifjar upp fyrstu árin sín í pósthjónustunni.

Sjá bls. 8

#### **Hátíðarmatseðill frá Ísafirði**

Hrafnhildur Samúelsdóttir á Ísafirði sendir póstmönnum girnilegan hátíðarmatseðil sem örugglega kítar bragðlaukana!

Sjá bls. 15

# Kjarasamningar 2005

Eins og kunnugt er gerðu Póstmannafélagið og Íslandspóstur með sér nýjan kjarasamning í febrúar á þessu ári. Úrdráttur úr samningi þessum er hér í blaðinu ásamt þeirri launatöflu sem gilda mun frá áramótum. Auk þess er hægt að nálgast samninginn í heild sinni á heimasíðu Póstmannafélagsins [www.pfi.is](http://www.pfi.is).

Kjarasamningur þessi er svo sem enginn tímamótasamningur enda búið að leggja línurnar í þjóðfélaginu um hver launahækkanaraminn skyldi vera. Erfitt var að komast framhjá því ákvæði sem sett var í kjarasamninga aðildarféлага ASÍ á almennum vinnu- markaði á árinu 2004 um að enginn skyldi fá meira í launahækkunir en þar var samið um. Samninganefnd Póstmannafélagsins stóð frammi fyrir því að félagsmenn taka laun samkvæmt launatöflu í miklu meiri mæli en gerist víða á vinnu- markaði, það sýndu launakannanir sem skoðaðar voru í tengslum við undirbúning kröfugerðar. Í samningum þessum náðist þó fram ýmislegt til hagsbóta fyrir félagsmenn. Til dæmis fékkst inn aftur ákvæði um skæðisfé bréfbera, það höfðu bréfberar haft í nokkur ár en var lagt inn í launatöfluna með samningum 1997 á sama hátt og vetrarálag sem verið hafði í gildi í nokkur ár. Ákvæðið um skæðisfé tekur gildi frá 1. janúar nk.

Gerðar voru breytingar á launatöflu sem leiddu til launahækkana hjá nokkrum hópi félagsmanna og flýtir fyrir starfsaldurstengdum launahækkunum í framtíðinni. Bent skal á að allir félagsmenn fá hækkun um einn launaflokk 1. janúar 2006 til viðbótar við 3% launahækkun sem þá verður. Árangur náðist hvað varðar afleysingar sem kemur einkum til góða þeim sem leysa af sína yfirmenn á pósta- greiðslum.



**Þuríður  
Einarsdóttir,  
formaður PFÍ  
skrifar**

Þrátt fyrir að töluverður árangur hafi náðst þá varð líka að láta eitt og annað á móti. Til dæmis breyttist dagvinnutíminn sem þýðir að dagvinna hefst kl. sjö að morgni í stað átta. Upphaf dagvinnutíma átti ekki að breytast hjá þeim sem fyrir voru í fyrirtækinu nema þeir óskuðu eða færu að ósk sinna yfirmanna. Einhver dæmi eru um að menn hafi breytt dagvinnutíma sínum enda lýkur dagvinnu þá fyrr, sem því nemur.

Í hverjum samningum þarf líka að gæta þess að þeir starfsmenn sem fastráðnir voru fyrir hlutafélagavæðingu 1997 haldi þeim kjaralegu réttindum sem þeir höfðu áunnið sér sem starfsmenn ríkisins.

Sú skoðun hefur heyrst að kjarasamningar séu óþarfir; það geti bara allir samið sjálfir um sín laun og þurfi jafnvel varla að vera í stéttarfélagi. Ef kjarasamningar eru lesnir og þeir spurðir, sem hafa þurft á aðstoð stéttarfélags að halda vegna ágreinings um kaup og kjör, þá sést að kjarasamningur tekur af allan vafa um rétt manna til launa fyrir sín störf og réttindi sem kjarasamningur tryggir þeim. Því miður eru til stéttarfélög sem ekki telja sig lengur geta samið um launaliði fyrir sína félagsmenn heldur

semja aðeins um lágmarkslaun. Þetta veldur því að í raun getur enginn félagsmanna þeirra félaga krafist hærri launa en lágmarkslaunataflan kveður á um. Hætt er því við að þegar kreppir að í þjóðfélaginu þá muni margir verða að sætta sig við lægri laun án þess að geta borið fyrir sig launatöflu sem er umfram lágmarkslaun.

Í kjarasamningi Póstmannafélagsins við Íslandspóst er ákvæði sem er sambærilegt við ákvæði í öðrum kjarasamningum á almennum vinnu- markaði hvað varðar árlega endurskoðun launaliða. Nú er ljóst að einhverjar breytingar verða vegna meiri verðbólgu en miðað var við. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir nein niðurstaða en við, eins og aðrir í þjóðfélaginu, munum fylgjast með þróun mála.

Við undirbúning kröfugerðar Póstmannafélagsins fyrir um ári síðan var horft til þess að staða Íslandspósts var góð, hagnaður var af rekstri, mikið um að vera í þjóðfélaginu sem þýðir venjulega aukin verkefni og auknar tekjur og póstmenn hafa jafnan verið láglaunastétt. Því miður fóru skoðanir samninganefndar Íslandspósts og Póstmannafélagsins á þessu atriði ekki alveg saman. Nú er mikil vöntun á starfsmönnum hjá fyrirtækinu, það sýna daglegar auglýsingar eftir fólki í fjölmíðlum og þó það sé ekki einsdæmi í þjóðfélaginu þá er ljóst að launakjörin eru ekki til þess að menn sækist eftir vinnu hjá Íslandspósti. Í því sambandi skal minnt á að launataflan er lágmarkslaunatafla og ef menn vilja í raun ráða til sín fólk og minnka starfsmannaveltu, þarf ef til vill að horfa til þess að bjóða launakjör sem eru umfram þau lágmarkskjör sem kjarasamningurinn þó kveður á um.

## Kynning á póstmanni

Ólafur Ingi Axelsson hefur starfað við póstdreifingu sl. fimm ár:

# Glímir við fjögur hundruð tröppur á dag!

**Ólafur Ingi Axelsson, 65 ára Akureyringur, hefur starfað við póstdreifingu hjá Íslandspósti undanfarin fimm ár. Hann segist hafa byrjað sem tímavinnumaður, en síðan smátt og smátt verið að bæta við sig vinnu og sé nú kominn í fullt starf.**

### Dreifir pósti í um 370 íbúðir

Ólafur Ingi segir að vinnudagurinn hefjist í póstmíðstöð Íslandspósts við Norðurtanga 3 á Akureyri þar sem pósturinn er grófflokkaður. „Þegar því er lokið flokkum við bréfberarnir póstin í okkar hverfi og að því búnu berum við hann út. Það er afar mismunandi hvenær við hefjum útburðinn, það fer eftir magni þess pósts sem þarf að flokka. Veður og færð setur oft strik í reikninginn, en ef allt er eðlilegt er ég þrjá til fjóra tíma að bera út póst í þau tvö hverfi sem ég er með - annars vegar á Ytri-Brekku - Mýrar og Hamarsstíg - og hins vegar Víðilund, Einilund, Espilund og Birkilund. Í það heila eru þetta um 370 íbúðir. Það eru færri dagar sem ekki er póstur í allar íbúðir. Mér hefur virst sem fjölpósturinn hafi aukist og hann fer í allar íbúðir og hús í bænum.“

### Útiveran og hreyfingin eru helstu kostirnir

Ólafur Ingi er fljótur til svars þegar hann er spurður um kosti þess að bera út póst. „Það er útiveran og hreyfingin. Ég hef nú ekki nákvæmlega tekið það saman, en ég gæti trúað því að ég gangi um fjóra til fimm kílómetra á dag. Og það eru ófáar tröppurnar sem ég fer upp og niður. Ég hugsa að í það heila séu þær um fjögur hundruð á dag. Að einu húsinu eru t.d. 26 tröppur og að húsinu við hliðina eru 22 tröppur. Þetta er því heilmikil líkamsrækt,“ segir Ólafur Ingi og hlær.

Í desember er mikill erill í póstdreif-



Ólafur Ingi Axelsson, bréfberi á Akureyri, á fullu í póstútburðinum.

ingunni, eins og vera ber, og segir Ólafur Ingi að jólapóstinum fylgi mikil stemning. Þá eru fastráðnir bréfberar fyrst og fremst í póstflokkinum, en skólakrakkar taka að sér útburðinn.

### Í aldarfjórðung í Landsbankanum

Ólafur Ingi starfaði áður í Landsbanka Íslands, í það heila var hann aldarfjórðungur í bankanum, bæði á Akureyri og í Reykjavík, en hætti sextugur samkvæmt 95 ára reglunni svokölluðu, sem byggir á samanlögðum líf- og starfsaldri. Þar áður hafði hann m.a. starfað við afgreiðslustörf hjá Kaupfélagi Eyfirðinga í þrettán ár og til skamms tíma starfaði Ólafur Ingi hjá Þorvaldi Guðmundssyni í Síld og fiski í Reykjavík.

„Ég ætlaði mér alltaf að hætta í bankanum þegar ég yrði sextugur og fara í eitthvað annað. Tilviljun réði því að ég lenti í þessu starfi. Ég er mjög sáttur við það, ég kann þessu ljómandi vel og starfsfélagarnir eru fyrsta flokks. Ég get vonandi starfað við þetta í tvö ár til viðbótar, til 67 ára aldurs,“ segir Ólafur Ingi Axelsson.

## Gjallarhornið



### Greitt fyrir alla vinnu!

Allir starfsmenn skulu fá greitt fyrir alla þá vinnu sem þeir inna af hendi. Ekki er reiknað með að starfsmaður vinni launa-laust umfram vinnutíma sinn, þó hann hafi lokið eða muni hugsanlega ljúka verkefni sínu áður en vinnutíma lauk/lýkur einhvern annan vinnudag. Nýir starfsmenn, sem eðlilega eru lengur að ljúka sínum verkefnum, skulu einnig fá greitt fyrir þann tíma sem það tekur þá að ljúka verkefnum sínum þó svo vanir starfsmenn geti lokið sínum verkefnum þann daginn eða dagana á sínum vinnutíma, þar sem þeir hafa náð þjálfun og eðlilegum vinnu-hraða.

### Akstursgreiðslur bréfbera

Bréfberar, sem bera út í hverfi það langt frá pósthúsi/dreifingarstöð að þeir þurfi að ferðast með bifreiðum, skulu fá greiddan ferðakostnað eða vera séð fyrir ferðum. Ferðakostnaður er annaðhvort greiddur í formi kílómetragjalds samkvæmt samkomulagi milli Póstmannafélagsins og Íslandspósts hf. eða fargjalds með almenningsvögnum.

### Ekki er allt gull sem glóir

Viðbótarlífeyrissparnaður er hugsaður til að bæta kjör launþega þegar þeir hefja töku eftirlauna. Bankar og fjármálastofnanir hafa ákaft hvatt launþega til að spara til efri ára á þennan hátt. Póstmannafélagið vill biðja félagsmenn að athuga vel hvort þessi sparnaðarleið sé sú rétta. Benda má á að ekki er nauðsynlegt að binda 4% af launum sínum í viðbótarparnað, 2% nægja til að fá mótframlag frá vinnuveitanda og svo má líka horfa til þess að besta sparnaðurinn er, að margra mati, að lækka skuldir sínar.

### Biðjið um ráðningarsamning!

Milli hvers starfsmanns og Íslandspósts hf. skal gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðningarbréf, útbúið af Íslandspósti hf. Þetta þýðir að allir starfsmenn geta farið fram á að fá ráðningarsamning eða ráðningarbréf. Félagsmenn eru hvattir til að minna sína yfirmenn á þetta ákvæði ef þeir eru ekki nú þegar komnir með ráðningarsamning.



Póstmannafélag Íslands:

# Kosningar næsta vor til stjórnar og trúnaðarráðs

Samkvæmt lögum Póstmannafélags Íslands skulu fara fram kosningar til stjórnar og trúnaðarráðs félagsins í mars á næsta ári. Lög félagsins eru birt á heimasíðunni [www.pfi.is](http://www.pfi.is).

Nú gefst tækifæri fyrir félagsmenn til að gera breytingar á stjórn og trúnaðarráði. Þeir sem áhuga hafa að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið ættu að láta það í ljós við sína samstarfsmenn. Að starfa að bættum kjörum og gæta réttinda sinna samstarfsmanna er bæði gefandi og skemmtilegt svo menn ættu ekki að hika við ef hugur þeirra stendur til að leggja stéttarfélagi sínu lið.

Framboðsfrestur vegna kosninga formanns og annarra stjórnarmanna verður auglýstur á vinnustöðum í byrjun næsta árs.



## Á leið til Köben?

Nú eru í boði tungumálanám fyrir BSRB-félaga en Póstmannafélagið er aðildarfélag BSRB. Námskeiðin eru haldin á vegum Framvegis, miðstöðvar um símenntun í Reykjavík. Boðið er uppá nám í ensku, dönsku, spænsku og íslenskri ritun, bæði fyrir byrjendur og einnig þá sem hafa einhverja undirstöðu. Hvert námskeið er í átta skipti og tekið á u.þ.b. einum mánuði. Námskeiðin verða haldin aftur eftir áramót.

Námskeiðin eru haldin líka víða um land hjá Fræðslu- og símenntunarstöðvum landsins, en þar má afla frekari upplýsinga um tímasetningar.

Á heimasíðunni [www.framvegis.is](http://www.framvegis.is) og í síma 581 4914 eru allar nánari upplýsingar um tímasetningar og skráningu á námskeið á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenntunarsjóður PFÍ greiðir námskeiðið að fullu fyrir félagsmenn sína ef þeir hafa náð réttindum. Skrifstofa PFÍ veitir allar nánari upplýsingar. *Sjá auglýsingu á baksíðu.*

## Launatafla frá 1. janúar 2006

Launafl.	Prep 1 (0)	Prep 2 (6 mán)	Prep 3 (1 ár)	Prep 4 (3 ár)	Prep 5 (6 ár)
7	109.232	112.847	116.607	120.511	124.581
8	111.947	115.662	119.537	123.565	127.748
9	114.737	118.569	122.556	126.703	131.012
10	117.610	121.561	125.664	129.937	134.385
11	120.570	124.639	128.869	133.267	137.939
12	123.624	127.812	132.167	136.763	141.600
13	126.758	131.075	135.605	140.388	145.366
14	130.000	134.450	139.195	144.126	149.250
15	133.331	138.008	142.887	147.968	153.250
16	136.831	141.669	146.699	151.930	157.366
17	140.464	145.441	150.624	156.006	161.611
18	144.195	149.324	154.660	160.209	165.978
19	148.042	153.328	158.821	164.535	170.480
20	152.008	157.449	163.110	168.994	175.118
21	156.087	161.691	167.525	173.585	179.886
22	160.291	166.065	172.071	178.320	184.810
23	164.625	170.570	176.751	183.186	189.874
24	168.741	174.834	181.169	187.765	194.621
25	172.958	179.206	185.699	192.460	199.487
26	177.282	183.685	190.342	197.271	204.475
27	181.714	188.277	195.101	202.202	209.586

### Helstu atriði

Auk 3% launahækkunar sem þessi launatafla inniheldur munu allir félagsmenn hækka um einn launaflokk frá 1. janúar 2006. Ef aðilar vinnumarkaðarins verða sammála um breytingar á launalið kjarasamninga vegna verðbólgu verða væntanlega einnig breytingar á þessari launataflu.

### Desemberuppbót:

Á árinu 2005 ..... 39.700  
 Á árinu 2006 ..... 40.700  
 Á árinu 2007 ..... 41.800

### Orlofsuppbót:

Á árinu 2005 ..... 21.800  
 Á árinu 2006 ..... 22.400  
 Á árinu 2007 ..... 23.000

### Fæðisfé:

Á árinu 2005 ..... 5.800  
 Á árinu 2006 ..... 6.000  
 Á árinu 2007 ..... 6.200

### Lífeyrissjóðsgreiðslur:

Frá 1. febrúar 2005 hækkar framlag Íslandspósts í samtryggingarsjóð í 7%, á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignasjóð óháð, framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald Íslandspósts hf. til samtryggingarsjóðs í 8%.

### Skæðisfé bréfbera

Frá 1. janúar 2006 eiga bréfberar rétt á skófatnaði að verðgildi allt að 15.000 kr. árlega á samningstímanum. Miðast greiðslan við fastráðinn starfsmann og starfshlutfall.



# „Þrjátíu kíló þung í drætti“

Viðtal við Hönnu Kristínu Hallgrímsdóttur bréfbera

*Þrjátíu kíló þung í drætti  
þykja mér  
upp Bankastræti, betur maetti  
bæta hér.*

Þannig yrkir Hanna Kristín Hallgrímsdóttir bréfbera hjá Íslandspósti, sem hún hefur verið síðan í september 1999. Þar er hún að vitna til þeirrar miklu aukningar sem hefur orðið á dreifiritum með póstinum, „drit“ eins og bréfberarnir kalla það.

„Þetta er orðin erfiðisvinna sem farin er að koma niður á heilsu bréfbera og mannaskipti eru mikil. Græðgi virðist vera dyggð í íslensku þjóðfélagi,“ segir Hanna. „Fólk virðist þurfa nýtt sófasett fyrir jólin, henda því svo og kaupa annað fyrir páska.“ En Hanna á sér annað líf eftir að erfiðum vinnudegi lýkur, áhugamál sem er henni mjög hugleikið. Það er starf hennar í leikfélaginu Hugleik sem á hug hennar allan.

„Ingibjörg Hjartardóttir, formóðir Hugleiks, hringdi í mig árið 1988 og bað mig um að mála leikmynd fyrir uppsetningu ársins. Ég sló til og síðan hef ég verið alveg gagntekin af leikhúslífinu,“ sem er augljóst þegar litið er í kringum sig í íbúð Hönnu sem er skreytt plakötum eldri leiksýninga og í eldhúsinu ómar tónlist úr nýju uppsetningunni, Jólaævintýri, sem frumsýnt var í Tjarnarbíói 19. nóvember sl. „Ég fór fyrst á svið árið 1993 en þá setti félagið upp Stútungasögu, sem samin



Hanna Kristín Hallgrímsdóttir.

var af hópi Hugleikara, en þar lék ég eina af þremur frillum biskups,“ segir Hanna og hlær við. „Annars finnst mér skemmtilegast þegar við setjum upp söngleiki. Árið 2002, settum við upp söngleikinn Kolrössu eftir Þórunni Guðmundsdóttur, dr. Tótu eins og við köllum hana. Þessi sýning var ákaflega vel heppnuð og mjög skemmtileg.“ Við spurðum Hönnu Kristínu hvernig leikfélag Hugleikur væri?

„Hugleikur er elsti starfandi áhugaleikhópur í Reykjavík, stofnaður 1984. Margir félagarnir í hópnum voru áður starfandi í áhugaleikhúsum á landsbyggðinni. Sérstaða okkar er að öll leik-

verkin eru samin af einstaklingum í hópnum. Jólaævintýrið, sem við erum að setja upp núna, er byggt á Jólaævintýri Charles Dickens (Christmas Carol) en þetta er rammíslensk uppsetning með kunnuglegum íslenskum draugum og frumsaminni tónlist. Þetta er gamanleikrit fyrir alla fjölskylduna en það voru þau Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason, formaður félagsins og leikstjóri, sem sömdu verkið.“ Og að lokum var hún spurð hvort hún ætti einhver önnur áhugamál fyrir utan leikhúsið?

„Ég er myndlistakona, útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1985 og hef ákaflega gaman af því að mála. Leiklistin á hins vegar hug minn allan um þessar mundir.“ -ÁEL.

## Jólagátur póstmanna

- 1) Allir reyna að elta það.  
Óðfúsir að taka það.  
Fáir þeir, sem finna það.  
Fæstum létt að greiða það.
- 2) Upp ég þvæ það eftir mat.  
Á það kemur slit og gat.  
Þessu fer ég úr og í.  
Olía er geymd í því.
- 3) Á altarinu af öðru ber.  
Ofan af þökum hanga.  
Bílnum nauðsyn algjör er,  
eigi hann að ganga.
- 4) Ólöglegt ég alltaf verð.  
Atriði í bókagerð.  
Ber mig vel í buxunum.  
Birt er oft í prósentum.
- 5) Flokksleg skipan öllu á.  
Ógnar þorski og ýsu.  
Bægi ofþyngd frúnum frá.  
Fjórar gerum vísu.

Svör

4) Brot - - 5) Lína

1) Lón - - 2) Fat - - 3) Kerfi -

Með góðfúslegu leyfi Sigrúnar Sturludóttur.



Hjálpa - teikning eftir Hönnu Kristínu Hallgrímsdóttur 2005.



Nýjar starfsreglur stjórnar Sjúkrasjóðs PFÍ:

# Aukinn réttur til greiðslna frá sjúkrasjóði



**Eins og allir póstmenn vonandi vita greiðir Sjúkrasjóður PFÍ sjúkradagpeninga, ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur falla niður. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á starfsreglum sjóðsins sem miða að því að auka réttindi til töku úr sjóðnum. Helstu breytingar eru skáletraðar hér á eftir:**

## Dagpeningagreiðslur

Sjúkradagpeningar greiðast nú í allt að **180 daga** á hverjum 12 mánuðum. Réttur til dagpeninga frá sjúkrasjóði öðlast félagsmaður þegar greitt hefur verið framlag fyrir hann í sex mánuði. Sá sem fullnýtt hefur rétt sinn til sjúkradagpeninga ávinnur sér rétt að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í **6 mánuði**. **Dagpeningar greiðast frá þeim tíma er samningsbundinni kaupgreiðslu lýkur frá vinnuveitanda, ef óvinnufærni stendur í a.m.k. 12 daga. Réttur til dagpeninga stofnast frá þeim tíma er samningsbundinni eða lögbundinni kaupgreiðslu lýkur. Réttur fellur niður þegar sjóðsfélagi öðlast rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrisjóði. Sjóðsfélagi er skylt að leggja inn umsókn um örorkumat til Tryggingastofnunar og/eða lífeyrisjóðs er hefur verið frá störfum vegna veikinda í samfellt 6 mánuði eða lengur og gefa sjóðsstjórn upplýsingar um niðurstöður matsins.**

## Veikindi á meðgöngu

Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda á meðgöngutíma, enda komi ekki dagpeningagreiðsla fyrir sama tímabil frá öðrum aðilum



**Greiða má sjúkradagpeninga út sjöunda mánuð meðgöngu. Kona sem er veik á meðgöngu á rétt á að fara í fæðingarorlof hjá Tryggingastofnun ríkisins allt að tveimur mánuðum fyrir áætlaða fæðingu barns án þess að skerða rétt sinn til allt að sex mánaða fæðingarorlofs, eftir fæðingu barns (sjá lög um fæðingarorlof). Undanþágur frá þessari reglu má veita í sérstökum tilfellum.**

## Veikindi aðstandenda

Heimilt er að greiða styrk vegna langvarandi veikinda maka sjóðssfélaga í **allt að 75 daga**, enda missi sjóðsfélagi launatekjur vegna þeirra í **þrjá daga eða lengur**, allt eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hverju sinni. **Réttur til dagpeninga vegna veikinda maka fellur niður ef viðkomandi sjóðsfélagi fær 50% umönnunarbætur eða meira frá Tryggingastofnun ríkisins. Heimilt er að greiða dagpeninga til sjóðssfélaga vegna meiriháttar veikinda barna, yngri en 13 ára, í allt að 150 daga, hafi viðkomandi verið launalaus í 3 daga eða lengur. Réttur til dagpeninga fellur niður ef viðkomandi sjóðsfélagi fær 50% umönnunarbætur eða meira frá Tryggingastofnun ríkisins.**

## Styrkir

**Frá 1. janúar 2002 er sjóðstjórn heimilt að greiða styrki vegna forvarnar og endurhæfingar svo sem sjúkrahjálfunar/nudds. Eingöngu er greitt fyrir hjálfun sem læknir ráðleggur umsækjendum. Upphæðin er 800 krónur fyrir hvert skipti og hámark 24 skipti á ári.**

**Frá 1. júlí 2005 er heimild til að veita eftirfarandi styrki og hafa allir félagsmenn PFÍ rétt til að sækja um þá. Skilyrði til greiðslna þessara styrkja er að hafa verið í 50% starfi í 12 mánuði eða meira. Þeir sem eru í minna en 50% starfshlutfalli þurfa að hafa starfað í 24 mánuði til að geta sótt um þessa styrki:**

1. Vegna kaupa á gleraugum eða heyrnartækjum. Hámark 7.000 kr. á ári.
2. Endurhæfing við Heilsustofnun í Hveragerði. Hámark 750 kr. á dag að hámarki í 45 daga, einu sinni á ári.
3. Styrkur vegna tæknifrjógvunar. Hámark 25.000 kr. einu sinni, nemi kostnaður a.m.k. 100.000 kr.
4. Ferðakostnaður v/læknismeðferðar. Hámark 20.000 kr. á ári.
5. Styrkur vegna skoðunar hjá Hjartavernd. Hámark 4.000 kr. á ári.

Þessar breytingar voru gerðar á fundi stjórnar sjúkrasjóðsins 27. júní sl. Stjórnin getur breytt reglum þessum með stuttum fyrirvara ef aðstæður sjóðsins gefa tilefni til. Í stjórn Sjúkrasjóðs sitja nú, kjörin á aðalfundi 2004: Þuríður Einarsdóttir, Reynir Stefánsson, Elínbjörg Kristjánsdóttir, María Högnadóttir og Herdís Skarphéðinsdóttir. Til vara: Guðrún Magnúsdóttir og Jón Ásgeir Halldórsson.

Starfsreglurnar í heild, svo breyttar, er að finna á vef Póstmannafélagsins, [www.pfi.is](http://www.pfi.is).



Starf eftirlaunadeildar PFÍ

## Munið aðventufundinn 9. desember nk.

Stjórn eftirlaunadeildar Póstmannafélagsins annast hefðbundið starf deildarinnar. Hauststarfið hefst með félagsvist í nóvember og aðventufundi í desember. Í febrúar er haldinn aðalfundur og síðan er félagsvist að honum loknum. Eftirlaunaþegar PFÍ halda gönguþóp og er gengið alla þriðjudaga frá miðjum maí til loka september. Sumarferð sem er dagsferð er farin í júlí og snæddur kvöldverður í lok ferðarinnar í boði Íslandspósts.

Sumarferðin og aðventufundurinn eru vinsæl og vel sótt. Gönguferðirnar eru farnar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni og mættu þær vera betur sóttar því þær eru hressandi og ánægjulegar að sögn stjórnarinnar.

Í sumar var farið í Landmannalaugar í mjög góðu veðri, notið náttúrunnar og dvalið fram eftir degi síðan ekið að Flúðum, þar sem beið kvöldverður.

Hinn 9. desember nk. verður aðventufundur eftirlaunadeildar haldinn á Grettisgötu 89 á 4. hæð kl. 14:00. Boðið verður uppá heitt súkkulaði með rjóma og heimabökuðu bakkelsi stjórnarinnar, einnig verður ýmislegt til fróðleiks og ánægju.

Á aðalfundi í febrúar næstkomandi fer fram stjórnarkjör eftirlaunadeildar.



Á aðventufundi árið 2003. Ólafur Gunnarsson les upp úr bók sinni, Öxin og jörðin.



Hlýtt á guðsorð í Strandakirkju sumarið 2003.



## Jólaball póstmanna

**Jólaball póstmanna verður haldið sunnudaginn 4. desember kl. 14.00 í Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2, Grafarholti. Þar verður dansað í kringum jólatréð, jólasveinninn kemur í heimsókn með glaðning fyrir börnin og allir fá veitingar.**

**Jólaballið er í boði Íslandspósts, Starfsmannafélagsins og Póstmannafélagsins en menn eru beðnir að skrá þátttöku sína fyrir 1. desember á eyðublöðum sem dreift verður á vinnustöðum. Einnig verður hægt að skrá sig á skrifstofu Póstmannafélagsins, sími 525 8370 og á skrifstofu Íslandspósts Stórhöfða 29, sími 580 1002. Athugið að jólaballið er 4. desember en það er vegna þess að jól og áramót ber að þessu sinni upp á helgi og því erfitt að finna tíma sem hentar og allir eru í fríi.**

# Í þá gömlu góðu daga...

## - eða voru þeir það?

Pósturinn er ein elsta samfélagstofnun á Íslandi. Árið 1776 var lagður grundvöllur að þessari þjónustu. Í meira en 200 ár þróaðist þjónusta póstsins afar hægt. Markmiðið var fyrst að koma bréfum embætta og embættismanna milli landshluta og landa. Kirkjan þurfti einnig á þessari þjónustu að halda en hlutur almennings var rýr. Það er svo ekki fyrr en meira en 100 árum síðar sem bréf almennings fara að skipta máli í þjónustunni. Eins og sjá má segi ég alltaf „þjónustunni“ því fyrst og fremst var hlutverk póstsins að þjónusta. Tekjur skiptu minna máli og mér er til efs að á fyrstu 220 árunum hafi nokkurn tíma verið plús í bókhaldinu. Þegar ég var ungur og upprennandi póstmaður var það almannarómur í Póst- og símamálastofnun, að síminn héldi póstinum uppi, okkur í pósthlutunum til líttillar gleði. Því var samt erfitt að mótmæla, þannig var það, enda póstinum gert að þjónusta landsmenn með flest á margföldu undirverði þess sem þjónustan kostaði. Við slíkar aðstæður voru niðurstöður ekki mjög hagstæðar póstinum með tilliti til tekna.



**Jón Ingi  
Cæsarsson,  
skrifar**

### *Þegar ég var ungur og efnilegur*

Þegar ég var beðinn að rifja upp árin mín í póstinum og horfa til þess sem breyst hefði á þeim tíma varð ég hugsí. Á haustdögum 1971, fyrir 34 árum síðan fékk uppvasari á því eðla flaggskipi íslenska kaupskipaflotans, Gullfossi, skeyti. Skjálfandi á beinunum fór guttinn, tæpra 19 ára, upp í brú til loftskeytamannsins. Hver var að senda skeyti til mín í Norðursjóinn? Það gátu ekki verið góð tíðindi. Ég á þetta skeyti enn. „Getur fengið vinnu í póstinum, stopp, svar strax, stopp, pabbi.“ Mér létti óneitanlega, hugsaði mig um í hálfu mínútu og svaraði „Tek það.“ Stundum ræðst framtíð einstaklinga á

augnablikinu. Þessi hálfu mínúta sem ég tók mér í umhugsunarfrest hefur stjórnað lífi míni að verulegu leyti síðan.

### *Hvernig var á Póststofunni á Akureyri?*

Þegar ég í fyrsta sinn gekk inn í pósthús sem starfsmaður var ég nokkuð taugaóstyrkur. Í mínum huga voru póstmenn svolítið fin stétt. Allir þekktu fjórmenningana á Bréfapóststofunni og Bögglapóststofan hinum megin í húsinu, við Skipagötuna, var merkur staður. Það voru bara þeir sem áttu eitthvað undir sér sem fengu böggla í þá daga. Tollurinn var þar líka og þangað sótti Kaupfélagið allar sendingarnar sínar og allir helstu athafnamenn bæjarins voru daglegir gestir. Smásöluvaran kom mjög mikið með póstinum, enda langsamlega ódýrast að fá vörur þá leiðina. Póstmeistarinn, var einn af fínu mönnum í bænum og hann var tengdasonur gamla póstmeistarans sem tekið hafði við embætti 1919. Ekki mátti missa jobbið úr fjölskyldunni. Fulltrúinn bar fínt ættarnafn. Bréfberarnir voru 5, allir karlmenn sem gengu



„Eins og staðan er í dag er helsti vandi fyrirtækisins of fáir starfsmenn því á þeim þenslutímum sem við lifum í dag er jafnan erfitt að fá fólk til að vinna þau láglæunastörf sem pósturinn býður uppá.“



„Allar bækur og afskriftir voru handskrifaðar og böggjar, aðkomnir og sendir, voru færðir inn í virðulegar bækur, gegnumdregnar og innsiglaðar.“

Í einkennisbúningum með gullhnöppum og báru virðuleg kaskeiti með gylltum skildi Póst- og símamálastofnunar. Það var ekki slor að vera bréfberi í þá daga. Flottar leðurtöskur bornar á öxl, í þeim aðeins viðskipta- og sendibréf til fyrirtækja og almennings. Bréfberarnir 5 voru allir á reiðhjólum utan einn sem var afar nútímalegur á sinni Hondu skellinöðru, enda bar hann út í fjærsta afkima bæjarins í „byggðunum“ á Suðurbrekkunni. Mig undraði stundum harkan í þessum körlum að paufast á reiðhjólunum í allskonar veðri og færð. Umferðin var kannski ekki svo mikil á þessum tíma á götum bæjarins. Gamli póstmestarinn kom svo daglega í kaffi til okkar og spjallaði, kominn á níræðisaldur. Þær voru nokkrar sögurnar sem hann sagði okkur gapandi nýliðunum um póstinn í gamla daga, þegar strandferðaskipið kom einu sinni í viku og bréfberinn var einn með allan bæinn.

### Engar breytingar

Ég hef alltaf haft gaman af tölum. Þess vegna gerði ég mér það til dundurs að fylgjast með aukingu á pósti fyrstu árin. Það þótti nokkur sérviska af mér og menn litu á talningar sem þreytandi og íþyngjandi leiðindi. Fyrsta árið mitt komu um 2.500 bögglaþóstkröfur til bæjarins. Fimm árum síðar voru þær komnar í 8.000. Svipuð aukning var á flestu. Þó var eitt sem stóð kyrfilega í



Guðmundur Jónsson var bæjarpóstur á Akureyri fyrstu áratugi 20. aldar.

stað fyrstu árin. Starfsmönnum fjölgaði ekki. Fimm árum síðar voru enn fjórir á Bréfapóststofunni, einn á Bögglaþóststofunni, einn í Tollinum og tveir á „bakvið“. Bréfberunum hafði þó fjölgað um einn enda bærinn farinn að teygja sig upp í „Lundi“ og Þorpið blés út. Ekki var þó verið að mæla eitt eða neitt. Það var bætt við þegar glögglega sást að bréfberinn var að örmagnast. Pósturinn var fyrst og fremst gamaldags íhaldssöm stofnun sem sinnti af-

mörkuðum þröngt skilgreindum verkefnum. Þannig voru lögin um þessa starfssemi. Ef pósturinn vogaði sér í samkeppni varð allt vitlaust. Mér eru minnistæð lætin í bóksölum þegar tekid var upp á þeim óskunda að selja umslög á pósthúsum. Pósturinn var í allra huga stofnun sem átti að halda sig við ákveðin verkefni sem enginn annar vildi sinna. Það var uppleggið og líklega skiljanlegt að slík stofnun þróaðist hægt.

### Fyrsta konan bréfberi

Þau undur og stórmerki gerðust á fyrstu árum mínum í póstinum að kona var ráðin til bréfaútburðar á Akureyri. Einn af gömlu bréfberunum sprakk á limminu þegar hverfið hans óx honum yfir höfuð. Ung kona sótti um starfið. Póstmeistarinn hafði afar litla trú á að þetta starf hentaði konu. Til þess væri það allt of erfitt, burður, vond veður, slark. Þetta var ekki kvenmannsstarf í hans huga. En þegar kunnugir fullvissuðu hann um að þetta væri svo sannarlega engin venjuleg mjúk kona, heldur sjóaður togarajaxl af gömlu síðutogurunum hjá ÚA lét hann undan og enn í dag starfar þessi fyrsti kvenbréfberi á Akureyri hjá póstinum, þó ekki við útburð.

### Pósturinn kom með rútum og flugi

Fyrsta verk dagsins var að fara á flugvöllinn og losa einn Fokker með vallarstarfsmönnum. Bréfapósturinn kom alltaf með flugi en svo komu bögglaþóstur með Norðurleið á kvöldin. Það var mikill handagangur í öskjunni þegar gengid var í að losa rútuna, yfir sæti og niður töppur. Hætt við að Vinnueftirlitið fengi flog í nútímanum yfir slíkum vinnubrögðum. Allur þessi pokaburður hélt starfsmönnum í fínu formi en gerði kröfur til styrks og heilbrigðis.

### Fyrsti bíllinn

Pósturinn var ekki með bíl á sínum vegum fyrr en á níunda áratugnum ofanverðum. Póstmeistarinn drýgði tekurnar með því að leigja bílinn sinn til útkeyrslu á expressbréfum en allt annað svo sem ábyrgðarbréf og böggla sóttu viðskiptamennirnir sjálfir á pósthúsið. Oft þurftu þeir að ganga langar leiðir því bílastæðin átta við Póst- og símsstöðina á Akureyri dugðu aldrei.

Þetta þótti sjálfsagt enda var samkeppnin lítil sem engin, og sjónarmið viðskiptavina ekki til hliðsjónar þegar þjónustan var skipulögð.

### Og svo komu tölvurnar

Tölvur!! Það var eitthvað sem fór hjá garði í póstinum fyrstu árin. Þótti bara nokkuð gott að hafa reiknivél sem margfaldaði og rafmagnsritvél. Það var kappnóg. Kúlupenninn var mikilvægasta tæki póstmansins í þá daga. Þegar ég gekk inn á Bögglapóststofuna sem póstafréiðslumaður var tækjabúnaðurinn ein vog, reiknivél sem mátti nota handvirkt og við rafmagn og ein frímerkingarvél. Sú vél fór mjög í taugarnar á frímerkjasöfnunum því þeir vildu endilega að frímerki væru notuð á fylgibréfin því þau gátu þeir keypt af Póstmannasjóði seinna. Allar bækur og afskriftir voru handskrifðar og böggjar, aðkomnir og sendir, voru færðir inn í virðulegar bækur, gegnumdregnar og innsiglaðar. Illt var að lesa innfærslurnar um jólin þegar menn fóru að flýta sér úr hófi.

Það var svo um 1986 sem fyrsta tölvun kom inn á Póststofuna á Akureyri af Lasergerð, mikið undratæki. Við þessir ungu héldum vart vatni af hrifningu en

þeir eldri fustuðu og sveiuðu og þótti þetta hinn mesti óþarfi. Þessi græja er bara til að leika sér í henni sagði einn þeirra og virtist hafa miklar áhyggjur að þetta tefði okkur bara í vinnunni. Næstu fjögur árin var þetta eina tölvan á Póstinum á Akureyri og sannaði gildi sitt. Um 1990 kom svo afgreiðslukerfið og hjólin tóku að snúast á þeim undrahraða sem við höfum upplifað síðustu ár.

### Nú tíminn

Hvernig eru svo aðstæður í dag? Síðustu tíu árin hafa íslenskir póstmenn gengið í gegnum einhverjar mestu breytingar sem um getur og verður hver að dæma fyrir sig hvort þær hafa allar verið til góðs. Árið 1997 var Póst- og símamálfélaginu breytt í hlutafélag og frá 1. janúar 1998 var því fyrirtæki skipt upp í tvö; Landssímann og Íslandspóst. Þetta þýddi gjörbreyttar aðstæður fyrir starfsmenn, nú voru þeir ekki lengur opinberir starfsmenn og stéttarfélagið gerir ekki lengur kjarasamning við fjármálaráðuneytið eins og áður heldur beint við fyrirtækið. Jafnan hafði því verið haldið fram og sjálfsagt með réttu að símaþjónustan héldi uppi póstrekingunum svo sú

þjónusta gæti aldrei staðið á eigin fótum. Enda var Íslandspóstur rekinn með tapi fyrstu árin. Miklar og oft sársaukamiklar aðhaldsaðgerðir og sparnaður hafa síðan leitt til þess að nú er fyrirtækið rekið með hagnaði. Aðstæður eru allar breyttar, einkaleyfi á bréfaþósti er að hverfa og sífelld fleiri vilja komast í þau verkefni sem pósturinn hefur setið einn að í gegnum tíðina. Samkeppnin fer harðnandi og er oft vægast sagt óvæginn. Fyrirtækið notar í dag nýjustu tækni eins og hún er á hverjum tíma, því ætti ekki að þurfa að hafa áhyggjur af framtíðinni. Eins og staðan er í dag er helsti vandi fyrirtækisins of fáir starfsmenn því á þeim þenslutímum sem við lifum í dag er jafnan erfitt að fá fólk til að vinna þau láglauastörf sem pósturinn býður uppá. Bætt kjör myndu að mínu mati leysa hluta þess vanda til dæmis með meiri stöðugleika í starfsmannahaldi og þá væri staðan sterkari gagnvart þeim aðilum sem eru að berjast á sama markaði. Aukin fagmennska og traust viðskiptavinnanna mun tryggja fyrirtækinu verkefni. Ég vil því leyfa mér að vera bjartsýnn fyrir hönd Íslandspósts og efast ekki um vilja starfsmanna til að fyrirtækinu vegni sem best.

## Orlofshúsafréttir

Á vegum Póstmannafélagsins eru þrjú stór hús í Munaðarnesi og eitt lítið hús, öll með heitum pottum. Á Eiðum eru tvö stór hús og eitt stórt hús á Illugastöðum. Þá leigði Póstmannafélagið sl. sumar íbúð á Þingeyri og tvær orlofsíbúðir eru fyrir félagsmenn, ein í Reykjavík og önnur á Akureyri.

Við úthlutun höfðu borist 132 umsóknir og hægt var að uppfylla óskir 92 umsækjenda, aðrir fóru á biðlista sem vel gekk að finna hús fyrir eftir því sem á sumarið leið.



Úr orlofsíbúð PFÍ að Tjarnarlundi 2e á Akureyri.

Í vetur verða gerðar gagngerar lagfæringar á húsunum við Vörðuás í Munaðarnesi, þar með húsum PFÍ nr. 16 og 22. Einnig verður haldið áfram endurnýjun á litlu húsunum og þar með húsi PFÍ nr. 45. Orkuveita Reykjavíkur vinnur við að koma nýrri kaldvatnslögn fyrir í Munaðarnesi og ætti þeim framkvæmdum að vera lokið snemma á næsta ári. Órðugleikar sem kalda vatnið hefur valdið okkur ættu þá að vera úr sögunni.

Sumarbústaðurinn á Illugastöðum er vinsæll á sumrin en hann er til leigu allt árið ef veður leyfir. Þar er nýlegur sófi og nýjar dýnur í rúmunum. Búið er að setja nýjan og stærri pall við húsið. Undirbúningur er hafinn að hitaveitu á Illugastöðum, en þar er sundlaug með heitum pottum.

Íbúðirnar í Reykjavík og Akureyri eru vel sóttar hjá félagsmönnum en þó er Akureyri vinsælli á sumrin en Reykjavík á veturna. Eldhúsið í Sólheimum er nýuppgerð, borðplötur, vaskur og gólfefni eru ný og hurðarnar á eldhúsinnréttingunni voru þúsáðar upp. Nýr hornsófi er í Sólheimum og nýtt sófasett er komið í Tjarnarlund.

Við hvetjum póstmenn eindregið til að fara í helgarfrí og nota íbúðirnar sínar.

# KROSSGÁTA PÓSTMANNABLAÐSINS

Höfundur: Dolly Nielsen

Hér má finna lausnarorðið út frá orðinu „ÓGN“ . Réttir bókstafir eru settir í eyðurnar samkvæmt tölustöfum sem gefnir eru og svo verða menn að finna út það sem á vantar. Góð skemmtun!

Sendið lausnarorðið á skrifstofu PFÍ og verður dregið úr réttum lausnum fyrir 31. janúar 2006. Sigurvegarinn fær að launum helg-ardvöl í annarri hvorri orlofsíbúð félagsins utan orlofstíma.

## Vinningshafi úr síðustu krossgátu

Dregið var úr lausnum síðustu krossgátu og upp kom nafn Ernu Alfreðsdóttur í Vestmannaeyjum. Lausnarorðið var „Gula línan.“



# Erlend samskipti Póstmannafélagsins

**Póstmannafélagið er aðili að samtökum norrænna póstmannafélaga NPU og einnig að alþjóðasamtökum sem heita UNI - Union Network International. Starf okkar innan UNI er ekki mikið umfram það að greiða félagsgjald og gjald til sérstaks sjóðs sem er ætlaður til að aðstoða launamenn í þeim löndum sem eru andvíg stéttarfélagum. Það er einmitt aðalhlutverk þessara samtaka og við getum verið stolt af að geta lagt eitthvað af mörkum til aðstoðar þeim sem eru langt á eftir okkur í réttindabaráttunni.**

Norræn samtök póstmanna eru rótgróin, þeirra hlutverk er að fylgjast með því hvað gerist í þróun póstþjónustunnar í heiminum og koma með ábendingar til stjórnvalda. Þar sem meirihluti norrænu landanna eru aðilar að Evrópusambandinu, taka ákvarðanir þess til allra landanna. Hinir árlegu fundir NPU eru til að bera saman bæk-



Norrænir gestir skoða sig um í færayskri sjávarþoku.

ur um þróun póstþjónustu, þróun í pólitík og öðru sem snertir alla íbúa landanna. Jafnan er tækifærið notað til að kynna fundarmönnum sögu þess lands þar sem fundurinn er haldinn hverju sinni. Að þessu sinni var NPU fundurinn haldinn í Færeyjum. Færeyingar eru höfðingjar heim að sækja eins og þeir þekkja sem þangað hafa komið. Auk þess verður undirrituð að

viðurkenna að stærð og náttúrufegurð eyjanna kom á óvart. Fundarstaðurinn á eyjunum var valinn með tilliti til þess að við sæjum sem mest af landinu auk þess sem við heimsóttum Kirkjubæ og fengum þar að heyra ágríp af sögu eyjanna í gegnum aldirnar.

Umræðan á fundinum snerist um áhyggjur manna af alþjóðavæðingu með flutningi vinnuafis sem oft á tíðum virðist njóta lítilla réttinda og verður að setta sig við kjör sem eru ekki samþæfleg við það sem gerist í viðkomandi löndum. Einnig var farið yfir þróun í póstþjónustu í Evrópu, sem og öllum heiminum, og höfðu menn áhyggjur af því hvernig fer þegar algert frelsi fer að ríkja í póstmálum. Hvernig fer þá með hið þekkta og örugga póstsamskiptakerfi sem búið er að koma upp í heiminum milli póstfyrirtækja sem eru á ábyrgð samfélagsins? Er lagasetning og reglugerð nægjanlega örugg til að viðskiptavinir geti áfram treyst þessari þjónustu? Og geta allir íbúar landanna reiknað með góðri póstþjónustu án tillits til búsetu? - ÞE.

## Eingreiðsla í desember!

Póstmannafélagið og Íslandspóstur hafa gert samkomulag um að félagsmenn fái eingreiðslu kr. 26.000 í desember í samræmi við samkomulag það sem undirritað var á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 15. nóvember síðastliðinn.

Í kjarasamningi PFÍ við Íslandspóst, sem gildir frá 1. febrúar 2005, er ákvæði um að endurskoðunarákvæði kjarasamninga milli aðildarféлага ASÍ og SA skuli gilda um þann samning hlutfallslega miðað við samningstíma.

Að baki ákvörðunar Íslandspósts um að greiða eingreiðsluna að fullu standa þau rök að kaupmáttur launa hefur ekki fylgt verðlagsþróun frá því að kjarasamningur var undirritaður 25. febrúar 2005.

Sú upphæð sem félagsmenn fá greidda er miðuð við starfshlutfall og starfsaldur frá 1. febrúar 2005 þannig að starfsmaður sem verið hefur í fullu starfi frá 1. febrúar fær greiddar kr. 26.000 í desember.

## ----- JÓL -----

Á jölonum Jesús fæddist,  
í jötu var rúmið hans,  
en englar sungu og syngja  
í sálu hvers dauðlegs manns.

Því hann var í heiminn sendur  
á heilagri jólanótt  
að minnka hjá okkur öllum  
það sem er dimmt og ljótt.

Hann þekkir hvað var að vera  
svo veikt og svo lítil barn;  
hann blessaði litlu börnin  
svo blíður og líknargjarn.

Hann brosti þeim eins og bróðir  
og bros hans var dýrleg sól;  
hann fól þau í faðmi sínum  
og flutti þeim himnesk jól.

Hann sá inn í sálir þeirra,  
hann sá þeirra hjartaslátt;  
hann gladdist með þeim í gleði  
Og grét ef þau áttu bágt.

Þau komu til hans í hópum,  
og hvar sem hann fór og var  
þá fundu það blessuð börnin  
að bróðurleg hönd var þar.

Og því verður heilagt haldið  
í hjarta og sálu manns,  
um eilífð í öllum löndum  
á afmælisdaginn hans.

*Sig.Júl. Jóhannesson*





# Örsaga

Það var daginn sem konan fékk myndina undarlegu í póstinum. Umslagið var velkt, frímerkið rífið, ógerlegt að sjá hvaðan það var og nafn hennar skrifað með prentstöfum.

Konan opnaði bréfið og í því var aðeins þessi mynd, sem sýndi framandlega konu með barn á handleggnum.

Hún virti fyrir sér myndina stílfærða og fjarlægga, eitthvað hélt henni fanginni.

Augu konunnar horfðu á hana af pappírnum.

Hún gaumgæfði myndina um stund, lagði hana frá sér en tók hana síðan upp aftur. Ekkert var skrifað á bakhliðina, ekki einu sinni merki framleiðanda. Skrýtið, hugsaði konan, hver skyldi hafa sent mér þetta? Einhvers konar jólakort kannske, enda bráðum komin jól, en gleymst að skrifa nokkuð á það. Furðulegt.

Sjálf var hún vön að kaupa kortapakka af félögum sem söfnuðu fyrir góðan málstað, ekki verra ef þekktir listamenn höfðu séð um gerð kortanna. Henni þótti lágkúrulegt kortaflóðið í stórmörkuðunum, og sem betur fór voru vinir hennar sama sinnis, svo hún fékk ekki mikið af slíkum kortum. Þau voru til dæmis sérlega listræn kortin frá Amnesti International og Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Þó henti það stundum þegar hún skrifaði jólakveðjurnar, að henni fannst eitthvað holur í þeim hljómurinn, ópersónulegur jafnvel staðlaður.

Meðan hún velti þessu fyrir sér gekk hún að glugganum í vel búinni dagstofu sinni. Það hafði snjóað lítillega og stirndi á götuna. Henni líkaði vel við snjóinn, það var bjartara þá og hreinna, fannst henni.

Hún bjó í grónu hverfi í borginni, þar sem nokkuð var um smekklega uppgerð gömul hús, en einnig eitt og eitt sem óhirdan og umkomuleysið hafði markað sér í fullkomnu tilitsleysi við ríkjandi tísku. Hundgá heyrðist, hurðaskellur, og út úr einu af þessum gömlu hreysum kom lotleg kona með hundkvikindi í bandi. Konan kannaðist við hana þessa, alltaf með þennan hund með sér og jafnvel stundum drukkin, eða dópuð. Nú sá hún að sú gamla stefndi að húsínu. Hún ætlar þó ekki hingað, hugsaði konan undrandi. Þær höfðu aldrei talast við, þó að fyrir hefði komið, að sú með hundinn hefði boðið góðan dag í hálfkæringi, þegar henni var hlýtt fyrir brjósti. Slíku hafði konan auðvitað aldrei svarað, og nú var kerlingin að hringja hjá henni dyrabjöllunni.

Hver er þar spurði hún í dyrasímann? Ég heiti Guðbjörg svaraði rámm röddin, ég þarf að tala við þig. Konan hikaði en

fór síðan fram og opnaði dyrnar varlega. Hún virti nágranna sinn fyrir sér með vanþóknun. Velkt úlpuræksni hékk á grönnum herðunum og skítugir strigaskórnir bættu ekki um. Hundurinn stóð við hlið húsmóður sinnar, einhvers konar bastarður áleit konan. Hvað viltu?, spurði hún kalt. Ég vil gefa þér hundinn minn sagði nágrannakonan formálalaust og horfði fast á konuna. Hvað segirðu! Ertu drukkin? spurði konan furðu lostin. Nei, svaraði sú ráma, en - hún hikaði aðeins, ég er að fara og get ekki haft hundinn minn þar sem ég verð. Þú ert eitthvað verri, varð konunni að orði. Ég vil ekki sjá þetta hundkvikindi, ég skil ekki hvernig þér dettur þetta í hug! Láttu lóga honum! Hún ætlaði að loka hurðinni, en konan með hundinn setti fótinn fyrir. Þú sérð ekki eftir því að gera þetta fyrir mig, og ég læt ekki drepa vin minn. Ja hérna, sagði konan gröm, mér kemur þetta ekkert við og komdu þér burtu. Þær horfðust í augu augnablik, konan hikaði. Það var eitthvað við augu þessa furðulega nágranna sem kom henni kunnulega fyrir sjónir. Augun á myndinni! Það var eins og þetta kerlingarræksni hefði sömu augu!

Konan flýtti sér að skella aftur hurðinni og svaraði engu þó að hringt væri nokkrum sinnum. Hún gægðist út um glugga og sá loks hvar sú gamla gekk hægum skrefum burt frá húsínu. Aldrei hef ég nú vitað annað eins, hugsaði hún. Kerlingin er kolvitlaus! Það ætti að loka þetta fólk inni.

Skömmu fyrir jól sá konan dánartilkynningu þeirrar með hundinn. Henni varð undarlega við, en gleymdi því brátt. Það var aldrei eins mikið að gera í systrafélaginu sem hún var formaður í, eins og einmitt á þessum árstíma.

Á Þorláksmessu fékk konan bréf. Það var frá dótturdóttur hennar sem dvaldi erlendis. Sæl amma mín, sagði hún. Fékkstu kortið frá mér um daginn? Þú fyrirgefur að ég mátti ekki vera að því að skrifa á það, en ég varð að senda þér eina af þessum helgimyndum, fyrst við vorum nú stödd þarna í Betlehem. Götusalinn sem seldi mér það, furðufugl með hundræfil hjá sér, staðhæfði að ég ætti að kaupa einmitt þetta kort og kallaði það kort miskunnseminnar, svo að mér fannst það tilvalið fyrir þig, sem starfar svo mikið að góðgerðarmálum. Konan sat með bréfið í fanginu, henni leið eitthvað svo undarlega. Jólalögin ómuðu af geislaspilaranum í flutningi heimsfrægra listamanna. Hún tók ekki eftir því fyrr en henni fannst hún heyra ráma rödd söngla:

*Allar mínar sorgir sindra í snjá,  
er sólblik af himni fellur hann á.  
Ekkert get ég fundið að fela hann í,  
ég bið þig, drag fyrir dökklokkað ský.*

*Allar mínar sorgir sindra í snjá,  
er sólblik af himni fellur hann á.  
Engum fá þær dulist uns dafnar á ný,  
dálítið blóm bak við dökklokkað ský.*

Konunni var allri lokið, hún æddi að spilaranum og sló á hvern takkann af öðrum, uns þögn varð.

KP



# Heimsókn frá Færeyjum

Á haustdögum kom stjórn færeyska póstmannafélagsins í heimsókn. Tilfni heimsóknarinnar var að kynna sér þróun mála hjá íslenskum póstmönnum eftir að póstpjónustan á Íslandi var gerð að hlutafélagi.

Póstþjónustan í Færeyjum var gerð að hlutafélagi á síðasta vetri og nú hafa verið gerðir fyrstu kjarasamningar við hið nýja hlutafélag. Aðstæður í Færeyjum og hér eru svipaðar hvað það varðar að íbúarnir eru dreifðir um stórt landssvæði (margar eyjar) og því eru allir flutningar kostnaðarsamir. Greinilegur var ótti manna við að þjónusta við fámennari byggðir myndi versna og einnig um að störfum myndi fækka. Við svörum þeim spurningum sem

brunnu á vörum þeirra og skýrðum ýmislegt í okkar kjaraaðstæðum. Einnig fengum við að heyra af þeirra kjörum og sáum að póstpjónustan í Færeyjum er stór hluti af þjóðlífinu og íbúarnir nýta sér þjónustu hennar í ríkum mæli. Líka kom í ljós að launakjör færeyskra póstmanna eru góð miðað við önnur launakjör á eyjunum, eitt-hvað sem við því miður getum ekki státað af.

Færeyingarnir heimsóttu líka Íslandspóst og fengu gagnlegar upplýsingar um uppbyggingu og stefnu fyrirtækisins. Að ferð lokinni lýstu þeir ánægju sinni með heimsóknina og töldu sig fara heim aftur með aukna þekkingu á okkar aðstæðum og geta



Færeyski hópurinn sem heimsótti PFI fyrir skömmu.

nýtt sér upplýsingar frá okkur í þeirri vinnu sem bíður þeirra við að aðlaga sig breyttum vinnuaðstæðum. - ÞE.

Frá aðalfundi PFÍ 18. apríl sl.

## Breytingar á lögum

**Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum Póstmannafélags Íslands á aðalfundi félagsins 18. apríl sl. Hér má sjá yfirlit yfir þær breytingar sem gerðar voru á lögnum, en þær lúta einkum að svæðaskiptingu trúnaðarráðs. Sjá löggin í heild á vef Póstmannafélagsins, [www.pfi.is](http://www.pfi.is)**

Í I. kafla laganna. Grein 2, um skiptingu félagsins í A og B hluta falli brott. Aðrar greinar laganna færast þá upp, 3. gr. verður 2. gr. o.s.frv. 2. gr.

Í II. kafla. Grein 6, sem verður grein 5, falla niður orðin „í trúnaðarráði og á aðalfundi“ í neðstu línu fyrstu málsgreinar.

Í fjórðu málsgrein bætast við á eftir orðinu eftirlaunadeildar „í allt að fimm ár frá láti félagsmanns.“

Í III. kafla. Grein 9, sem verður 8. gr. verði eftirtaldar breytingar: 3. deild verður „deild stjórnenda og sérfræðinga“ í stað „deild stjórnenda.“ 4. deild verður „skrifstofudeild“ í stað „Póstgíró og skrifstofudeild“ og brott falli í

1.mgr. orðin „allir starfsmenn Póstgíró, starfsmenn tölvu- og upplýsingakerfa, starfsmenn e-pósts og.“ Í lok greinarinnar falli brott orðin „skulu þeir ekki vera frá sömu deild.“ 5. deild, verður „Póstmiðstöð Stórhöfða 32“ í stað „Póstmiðstöð.“ Brott falli orðin „fyrirtækjaþjónusta og hraðflutningsdeildar“ í fyrstu línu greinarinnar.

Í IV. kafla. Grein 10, sem verður 9. gr. verða eftirtaldar breytingar:

**Svæðaskipting trúnaðarmanna með áorðnum breytingum verður:**

1. Akranes, Borgarnes, Reykholt.
2. Búðardalur, Stykkishólmur, Flatey, Grundarfjörður, Hellissandur, Ólafsvík.
3. Vestfirðir.
4. Húnavatnssýslur.
5. Skagafjörður og Siglufjörður.
6. Eyjafjörður.
7. Þingeyjarsýslur, Vopnafjörður og Bakkafjörður.
8. Egilsstaðir og Norður-Múlasýsla (nema pósnúmer 685 og 690)

9. Fjarðabyggð og Suður-Múlasýsla.
10. Höfn í Hornafirði.
11. Rangárþing og Vestur-Skaftafells-sýsla.
12. Vestmannaeyjar.
13. Árnessýsla.
14. Suðurnes.
15. Pósthús 101, Pósthús 105, Pósthús 108.
16. Dreifingarstöð Grensás.
17. Dreifingarstöð Vesturbæ.
18. Dreifingarstöð Grafarvogi, Árbæ, Mosfellsbæ.
19. Dreifingarstöð Mjódd.
20. Dreifingarstöð Hafnarfirði.
21. Dreifingarstöð Kópavogi og Garðabæ.
22. Póstmiðstöð/Aðaltrúnaðarmaður.
23. Póstmiðstöð/trúnaðarmaður 1.
24. Póstmiðstöð/trúnaðarmaður 2.
25. Póstmiðstöð/trúnaðarmaður 3.
26. Póstmiðstöð/trúnaðarmaður 4.
27. Skrifstofur í Póstmiðstöð og tollmiðlun Stórhöfða 32.
28. Stórhöfði 29.
29. Fulltrúi eftirlaunadeildar.



Starfsmenntunarsjóður:

## Rýmri reglur fyrir erlenda félagsmenn

Starfsmenntunarsjóður Póstmannafélagsins styrkir félagsmenn til náms og ýmissa námskeiða. Markmið sjóðsins eru að félagsmenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi sem beinlínis er við það miðað að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði. Þá skal sjóðurinn tryggja að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna. Þá segir í skipulagsskrá sjóðsins að ef störf séu lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga, eigi starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

Útlendingar (erlendir félagsmenn) geta sótt um námsstyrk til íslenskunnáms án þess að hafa verið félagar í PFÍ í eitt ár, í 50% starfi eða meira eins og reglan segir annars til um. Sjóðsfélagar í minna en 50% starfi skulu hafa verið félagar í tvö ár til að eiga rétt á styrk úr sjóðnum.

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs metur umsóknir vegna tómsbundanámskeiða hverju sinni og getur tekið ákvarðanir um styrk vegna þeirra sem nemur allt að helmingi kostnaðar en þó aldrei hærra en 45.000 kr. Námsstyrkir og tómsbundastyrkir fyrnast á einu ári auk úthlutunarársins að þeim tíma liðnum er hægt að sækja aftur um ef styrkur hefur verið fullnýttur. Hámark námsstyrks hverju sinni er 60.000 kr. og tómsbundastyrks 45.000 kr.

Sækja þarf um styrk á umsóknar-eyðublöðum sem sérstaklega eru gerð fyrir Starfsmenntunarsjóð PFÍ og fást þau hjá trúnaðarmönnum félagsins, skrifstofu Póstmannafélagsins og á skrifstofu Póstmíðstöðvar, Stórhöfða. Senda á umsóknir til skrifstofu Póstmannafélagsins ásamt frumkvittun. Stjórn sjóðsins fundar reglulega yfir vetrartímann.

## Hátíðarmatseðill Hrafnhildar

### Forréttur:

#### Laxapate

Reyktur lax eða silungur

400 gr rjómaostur

8 blöð matarlím

200 gr smjör

1 stk brie ostur

2 msk tómatur

1 stk hvítlausrif marið

Formkökuform klætt með plastfilnu (frekar stórt). Laxinn skorinn í þunnar sneiðar og raðað í botn og hliðar. Matarlímið lagt í bleyti í kalt vatn. Smjórið brætt, síðan er matarlímið leyst uppí smjörinu. Rjómaostur, brieostur, tómatur og hvítlaukur er hitað við vægan hita í potti þar til ostarnir eru bráðnaðir, þá eru þeir settir í matvinnsluvél. Síðan er smjörinu með matarlíminu hrært varlega saman við. Þá er 1/3 af ostahrærunni sett í formið og síðan laxasneiðar yfir, þetta er endurtekið 2 sinnum (eins og lagkaka) forminu lokað með plastfilnu og geymt í frysti.

Skorið í þunnar sneiðar, borið fram með rist-uðu brauði, grænmeti og kryddsósu. Best er að skera pateið áður en það er alveg orðið þítt. Þetta er stór uppskrift og geymist vel í frysti.

### Aðalréttur:

#### Fylltur úrbeinaður lambahryggur

Úrbeinið hrygginn og fituhreinsið, takið lundirnar til hliðar, kryddið með salti og pipar. Setjið fyllinguna í hrygginn, síðan lundirnar og vefjið þétt saman með rullupylsugarni. Penslið hrygginn að utan með:

2 msk olíu

2 stk pressuð hvítlausrif

Grillkrydd

### Fylling

2 msk sweet relish

1 stk laukur saxaður

1/2 rauð paprika

3 msk franskt sinnep

2 fransbraudsneiðar

Allt sett á pönnu og hitað, síðan sett inn í hrygginn.

Hryggurinn steiktur í ca 1 klst við 200° gráður, gott er að steikja hann í steikingarpotti.

### Sósa

300 gr sveppir steiktir í smjóri settir í pott

ásamt 3 dl af sjóðandi vatni

1/2 piparostur settur úti og látið malla þar til

osturinn er bráðnaður

1/4 lítri rjómi

Honig teningar eftir smekk

Sósujafnari

Og ekki skaðar að hafa smá slettur af koniaki

### Salat

2 stk epli smátt skorin

125 gr döðlur saxaðar

100 gr sudusúkkulaði smátt skorið

1/4 lítri þeyttur rjómi

Öllu blandað saman

Þetta salat er mjög gott með kjöti.

Sykurbrúnaðar kartöflur og eitthvað súrt og

sætt borið fram með hryggnum eftir smekk

hvers og eins.

### Eftirréttur:

#### Sherry rjómaönd

1 pk makkarónukökur

2 egg

3 msk sykur

1/4 lítri rjómi

3 blöð matarlím

11/2 til 2 dl sherry

1/2 dós ferskjur (eða aðrir ávextir)

Makkarónukökurnar bleyttar upp með rúmlega

helmingnum af sherryinu

Matarlímið lagt í bleyti í kalt vatn

Rjóminn þeyttur og geymdur á köldum stað á

meðan eggjinn er þeytt ásamt sykrunum

Vindið matarlímið og hitið í afgangnum af

sherryinu

Kökurnar eru lagðar í botninn á víðri skál,

safanum hellt af ávöxtunum og þeim síðan

raðar ofaná kökurnar

Rjómanum blandað varlega saman við eggja-

þykknið og síðan er volgu matarlíminu ásamt

serryinu blandað saman við, þessu er síðan

hell yfir ávextina og kælt í 2-3 tíma

Skreytt með þeyttum rjóma og rifnu súkkulaði

áður en borið er fram.



Hrafnhildur Samúelsdóttir á Ísa-firði sendir póstmönnum þennan girnilega matseðil.



# brúum bilið -tölum tungum

Námskeið fyrir félagsmenn BSRB um allt land  
Enska – Danska – Spænska  
Þýska – Franska  
Íslensk ritun

Sjá um framboðið á hverjum stað hverju sinni:

Höfuðborgarsvæði - [www.framvegis.is](http://www.framvegis.is) - 581 4914

Suðurnes – [www.mss.is](http://www.mss.is) - 421 7500

Suðurland – [www.sudurland.is/fraedslunet](http://www.sudurland.is/fraedslunet) - 480 8155

Vestmannaeyjar - [www.viska.eyjar.is](http://www.viska.eyjar.is) - 481 1950

Austurland - [www.fna.is](http://www.fna.is) - 471 2838

Pingeyjarsýslur – [www.fraething.is](http://www.fraething.is) - 464 0454

Eyjafjörður og nágrenni - [www.simey.is](http://www.simey.is) - 460 5720

Norðurland Vestra – [www.farskolinn.is](http://www.farskolinn.is) - 455 6010

Vestfirðir - [www.frmst.is](http://www.frmst.is) - 456 5025

Vesturland – [www.simenntun.is](http://www.simenntun.is) - 437 2390

Tungumálaátak BSRB í samvinnu við Framvegis,  
miðstöð um símenntun og fræðslu- og  
símenntunarmiðstöðvar landsins.

Námskeiðin eru styrkt af starfsmenntasjóðum  
aðildarfélaganna BSRB samkvæmt reglum þeirra.  
Í hvaða stéttarfélagi ert þú?

Sjá félögin á slóðinni: <http://www.bsrb.is>

